

HAFNARFJÖRÐUR

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Völlunum í Hafnarfirði

Atli Rúnarsson

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráninga.....	5
Hvaleyri – Sögulegt yfirlit.....	6
Niðurstöður.....	7
Heimildaskrá	8
Myndaskrá.....	8



Mynd 1 - Skráningarsvæðið. Punktarnir sýna skotbyrgin og eru númeraðir skv. fornleifaskráningu sem var framkvæmd af Katrínu Gunnarsdóttur árið 2005

Inngangur

Að beiðni Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar var Byggðasafni Hafnarfjarðar falið að sjá um fornleifaskráningu vegna svokallaðs Vallaræsis á landi Hvaleyrar og annarra áhrifasvæða framkvæmdanna.

Ræsið kemur til með að liggja úr Fífuhrauni (á Hellnahrauni), meðfram Grísanesi og endar þar sem dælustöð mun rísa á Ásflötum.

Fornleifaskráning á landi Hvaleyrar var framkvæmd af Katrínu Gunnarsdóttur árið 2005, en að beiðni Minjastofnunar Íslands var umtalað svæði skráð á ný.

Land Hvaleyrar hafði verið skráð áður, en ekki var þá um heildstæða skráningu að ræða:

Á árunum 1987-1990 var hluti jarðarinnar skráð af Sigurði Bergsteinssyni og Guðmundi Ólafssyni á vegum Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Jörðin var einnig skráð árið 1996 vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi af Birnu Gunnarsdóttur og Ragnheiði Traustadóttur.

Árið 1998 var gerð „Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði“ á vegum Fornleifastofnunar Íslands, unnin var af Hildi Gestsdóttur og Sædís Gunnarsdóttur.

Engar heimildir eru til um fornminjar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og fundust engar minjar við vettvangskönnun.

Tvö skotbyrgi frá seinna stríði eru skammt frá framkvæmdarsvæðinu sem hafa skal í huga við framkvæmdir. Þó ekki sé um eiginlegar fornminjar að ræða í lagalegum skilningi eru stríðsminjar mikilvæg menningarleg vermæti frá merkilegum tíma Íslandssögunar, og ekki langt í að þær teljist til fornminja.

Vettvangskönnun fór fram dagana 11., 16. og 18. janúar 2018.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 2012 er kveðið á um að stuðla að verndun menningarminja og að tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Í þriðju grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa ger eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðum, bólum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornminjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða óþörfu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Hvaleyri – Sögulegt yfirlit

Þar sem skráning þessi á einungis við örlítið svæði í jaðri Hvaleyrrarjarðar verður stiklað á stóru um sögu jarðarinnar.

Elsta heimild um nafnið Hvaleyri er að finna í Hauksbók Landnámu og segir þar að Hrafna-Flóki hafi fundið hval á eyri einni og kallað Hvaleyri.¹

Í Jarleinabók er Teitur bóndi sagður búa á Hvaleyri 1300-1325²

Árið 1395 er Hvaleyri eign á Viðeyjarklaustur og var leiga til klaustursins 4 hndr.³

Í heimildum frá 1448 segir að á Hvaleyri hafi verið kirkja⁴ og í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir að á Hvaleyri hafi verið hálfkirkja og að þar hafi verið embættað þrisvar á ári.⁵

Í Sögu Hafnarfjarðar frá 1933, segir að á Hvaleyri hafi verið kirkja í kaþólskum sið, en ekki er vitað hvenær hún var reist fyrst. Þar segir að kirkja þessi hefur verið graftarkirkja, því enn sést fyrir kirkjugarði í túni heimajarðarinnar á Hvaleyri.⁶

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir m.a. að eignin sé í konungseign. Einnig er sagt frá því að Hvaleyrrarkot sé aftur byggt eftir að hafa verið í eyði svo lengi sem menn muna. Í Jarðabókinni er að finna greinagóða lýsingu á Hvaleyri, en þar segir m.a. frá búsetu, búhátum, landgæðum og hjáleigum⁷

Í Jarðatali Johnsen frá 1847, segir m.a. að Hvaleyri sé í Álftaneshreppi og jarðanúmer sé 168. Hvaleyri sé í bændaeign, dýrleiki sé 20 hundruð, landskuld sé 0,100, kúgildi séu 2 og eigandi sé einn. Í skýringum segir að í jarðabók frá 1803 sé nefndar fjórar byggðar hjáleigur, Bindindi, Lönd, Lásastaðir og Ásgautstaðir (J.Johnsen. Jarðatal á Íslandi. Bls. 91. Kaupmannahöfn).

¹ ÍF I, Bls. 39, 394.

² Biskupasögur. 1. Bls. 386.

³ DI III. Bls. 597.

⁴ DI IV. Bls. 751.

⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). Bls. 168-170.

⁶ Sigurður Skúlason. (1933). Bls. 23.

⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). Bls. 168-170.

Niðurstöður

Engar fornminjar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, hvorki í heimildum né við vettvangskönnun.

Tvö skotbyrgi frá seinna stríði er að finna skammt frá framkvæmdarsvæðinu, sbr. fornleifaskráningu sem framkvæmd var 2005 af Katrínu Gunnarsdóttur (Katrín Gunnarsdóttir, 2005, bls. 83-84). Bæði byrgin eru u.þ.b. 200 metra frá framkvæmdarsvæðinu og skal forðast að raska þeim við framkvæmdirnar.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Biskupasögur. (1958). Kaupmannahöfn.

DI. Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI. III. Bls. 597, DI IV, Bls. 751.

ÍF I. Bls. 39, 394.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði*. Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Sigurður Skúlason. (1933). *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.

Myndaskrá

Mynd 1 - Skráningarsvæðið. Punktarnir sýna skotbyrgin og eru númeraðir skv.

fornleifaskráningu sem var framkvæmd af Katrínu Gunnarsdóttur árið 2005 3